

Til bæjarráðs október 2019

Iðnaðarsafnið hefur mikla sérstöðu á landsvísi vegna þess að það segir afmarkaða sögu blómlegs tímabils í sögu bæjarins og er því frábrugðið hefðbundnum byggðasöfnum. Sýning Iðnaðarsafnsins er nær okkur í tíma og ennþá er fólk á lífi sem upplifði þessa miklu iðnaðaruppbyggingu sem átti sér stað á tuttugustu öldinni.

Safnið hlaut viðurkenningu safnaráðs sem löggilt safn í október 2014. Það starfar eftir safnalögum 141/2011, siðareglum International council of museums (ICOM) og á aðild að Félagi safna og safnamanna (FÍSOS). Ljóst er að safnið getur ekki starfað áfram í núverandi mynd nema að grunnrekstur sé tryggður þannig að hægt sé að sinna eðlilegum verkefnum löggilts safns um söfnun og miðlun.

Rekstur safnsins stefnir í 2.821.127 króna halla á árinu 2019 en þar af eru 2.329.580 laun og tengd gjöld.

Fróðleiksmolar um starfsemi Iðnaðarsafnsins

- Á Íslandi eru 60 iðngreinar
- Á Iðnaðarsafninu eru sýnishorn sem tengjast 35 þeirra greina
- Sýnt er frá rúmlega 70 fyrirtækjum á Akureyri og nágrenni.
- Vélar, verkfæri, framleiðsluvarningur, munir, myndir, sveinssykki, handverk og hönnun.

Úr óbirtri ársskýrslu 2019

Safnstjórnarskipti urðu þann 17. maí 2019. Jóna Sigurlaug Friðriksdóttir tók við safnstjórnastólnum af Þorsteini E. Arnórssyni. Jóna er fjölmiðlafræðingur frá Háskólanum á Akureyri og er með viðbótardiplómu í safnafræði frá Háskóla Íslands.

Nýr stjórnarformaður, Sóley Björk Stefánsdóttir, tók við af Vilhjálmi Kristjánssyni, sem baðst lausnar frá stjórnarstörfum.

Samstarf við aðrar stofnanir

Síðastliðinn vetur var unnið með Akureyrarstofu í að skoða sameiginleg sóknarfæri Innbæjarsafnanna og Innbæjarins (Old town).

Lagður var grunnur að samstarfi við Hæfnissetur ferðaþjónustunnar og Símei um gerð fræðsluefnis fyrir starfsfólk safna.

Markaðsstofa Norðurlands kallaði ferðaþjónustuaðila á sínu svæði á fund til að vinna að öflugri markaðssetningu.

Akureyrarbær óskaði eftir afslætti eða tilboðum fyrir sitt starfsfólk sem er um 2.500. manns. Niðurstaðan varð sú að starfsfólk bæjarins færi „tveir fyrir einn“ inn á Iðnaðarsafnið.

Samstarf við önnur söfn

29. ágúst og 10. september komu á safnið aðilar frá þremur söfnum/brugghúsum í Tékklandi:

Dalesice, Kostelec og Lobec. Þau sóttu um styrk til EEA Grants og buðu Iðnaðarsafninu í samstarf. Þannig væri hægt að skiptast á þekkingu og hugmyndum og leysa jafnvel sameiginleg verkefni. Þessir aðilar vinna nú að frekari undirbúningi samstarfsins.

Í byrjun október heimsótti starfsfólk Iðnaðarsafnsins **Summerlee Museum of Scottish Industrial Life**. Þar hittust safnstýrurnar tvær, Jóna Sigurlaug og Lu McNair, tóku stutt spjall saman og skiptust á bæklingum áður en lagt var af stað í að skoða safnið.

Viðburðir

Iðnaðarsafnið tók þátt í:

- **Barnamenningarhátíð 2019**
- **Eyfirska safnadeginum 2019**, þar sem 308 gestir komu á safnið.
- **Alþjóðlega safnadeginum**; þátttaka í þessum degi er sífellt að aukast og síðast tóku um 40.000 söfn þátt. Það er ICOM (International council of museums) sem stendur fyrir þessum degi. Þetta var í fyrsta skipti sem Iðnaðarsafnið tók þátt í Alþjóðlega safnadeginum.
- **Listasumar 2019** – Fimm viðburðir/leiðsagnir um safnið og „sögur og sagnir á safninu“ – Um þessar leiðsagnir og viðburð sáu Þorsteinn E. Arnórsson og Arngrímur Jóhannsson, en Arngrímur var með fræðslu um stjórnur og siglingafræði. Almar Alfredsson og Edda borg höfðu veg og vanda að því að virkja Iðnaðarsafnið í Listasumri og viðburðirnir voru styrktir af Menningarsjóði Akureyrar.

Tónleikar á Iðnaðarsafninu þann 17. júlí. Það voru þau Hildur Petra harmónikuleikari og Jónas Pétur bassaleikari sem komu fram með dans- og dægurlög. Alls 55 gestir sóttu viðburðinn.

Annað

Aðgangseyrir var hækkaður úr 1000 í 1500 í apríl sl. sem ætti að skila betri afkomu svo framarlega sem gestum fækki ekki milli ára.

Í bígerð er að setja upp „photo point“ (skemmtilega myndatökustaði) á þremur stöðum á safninu, tvo inni og einn úti.

Hafinn er undirbúningur að Iðnaðardeginum 2020. Unnið er að kostnaðaráætlun og styrkumsóknnum til að gera megi daginn að raunveruleika; en Iðnaðardagurinn verður fjölskylduhátíð iðnaðar-, og iðnverkafólks með áherslu á umhverfisvernd.